

8427	Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:	
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli	3.602 kr./stk.
8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	5.043 kr./stk.
8427.9000	– Aðrir vagnar	5.043 kr./stk.
Úr 8429	Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vél- þjöppur og valtarar, sjálfknúid:	
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	– – Vegheflar	28.814 kr./stk.
	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	– – Framenda ámokstursvélar	21.611 kr./stk.
8429.5200	– – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	21.611 kr./stk.
8429.5900	– – Aðrar	28.814 kr./stk.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að semja við félag eða félagasamtök um niðurfellingu á hluta af skuldum þeirra við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila, enda sé niðurfelling skulda liður í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi. Telji stjórn Íbúðalánasjóðs, m.a. með hliðsjón af 1. gr., að hagsmunum sjóðsins verði betur borgið með slíkum samningi sendir stjórnin tillögu þess efnis til umsagnar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Skilyrði fyrir heimild Íbúðalánasjóðs til afskrifta er að þessir aðilar hafi fallist á tillöguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.